



Greinargerð – Grunnskóli Seltjarnarness

Skólaárið 2013 – 2014 stunda 495 nemendur nám við skólann og hér starfa um 106 starfsmenn. Skólinn starfar í tveimur byggingum, Mýrarhúsaskóla með nemendur í 1.-6. bekk (282 nem.) og Valhúsaskóla með nemendur í 7.-10. bekk (213 nem.).

1. Umhverfisnefndin

Skólinn sótti um að taka þátt í Grænfánaverkefninu síðla hausts árið 2007 og varð þá skóli á grænni grein. Í desember árið 2009 var svo sótt um Grænfánann sjálfan og veitti skólinn honum viðtöku vorið 2010.

Umhverfisnefnd hefur starfað við skólann frá þátttökuárinu 2007 en í nefndinni hafa setið fulltrúar starfsfólks, stjórnenda, kennara, foreldra og nemenda úr báðum byggingum skólans. Skólaárið 2010-2011 var nemendum í umhverfisnefndinni fjölgað, þannig að hver árgangur á einn fulltrúa í nefndinni. Í yngri deildum völdu kennarar áhugasama nemendur en á eldri stigum var kosið milli frambjóðenda.

Nefndarfólk í umhverfisnefnd skólans skólaárið 2012-2013 má sjá í fylgiskjali 1 en hér fyrir neðan eru nöfn þeirra sem nú sitja í nefndinni:

Tómas 1. bekk

Unnar Tjörvi 2. bekk

Sandra 3. bekk

Lilja 4. bekk

Eðvald 5. bekk

Gunnar 6. bekk

Tómas Orri 7. bekk

Jóhann Pór og Anna Lára 8. bekk

Hildur Sif og Agni 9. bekk

Birta og Kristín Birna 10. bekk

Ásta Vilhjálmsdóttir, kennari

Laufey Alda Sigvaldadóttir, kennari

Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður mannvirkja

Jóhannes Már Gunnarsson, yfirmaður mötuneyta Seltjarnarness

María Fjóra Pétursdóttir, fulltrúi foreldra

Skólaárið 2013-2014 fundaði nefndin tvisvar sinnum. Fundargerðir er að finna í fylgiskjöllum 2a og 2b.

Skólaárið 2013-2014 fundaði nefndin tvisvar sinnum. Fundargerðir er að finna í fylgiskjöllum 3a og 3b.

2. Mat á stöðu umhverfismála

Áhersluflokkarnir okkar þrír: flokkun, útikennsla og samgöngur

Flokkun

- allur pappír er flokkaður í kennslustofum. Í Mýrarhúsaskóla er fernum safnað í öllum umsjónarstofum. Á þessu skólaári var bætt við flokkun á plasti í skólastofum.
- lífrænum úrgangi er safnað í stofum í Mýrarhúsaskóla
- á kaffistofum starfsfólks í báðum byggingum skólans er safnað lífrænum úrgangi, plastumbúðum, fernum, pappír og málmumbúðum
- í eldhúsi er eftirfarandi flokkað:
 - plast
 - lífrænn úrgangur
 - fernur
 - pappír
 - ál,
 - gler
 - bylgjupappi
- í matsölum nemenda er lífrænn úrgangur flokkaður frá almennu sorpi og í Valhúsaskóla er fernum og pappa safnað í matsalnum auk plasts (sem bættist við á þessu skólaári)
- umsjónarmaður fasteigna sér um að safna saman rafhlöðum, dagblöðum og bylgjupappa
- áfram eru kennarar og nemendur duglegir við að endurnýta, t.d. með því að nýta efnisbúta, gamla stóla, auglýsingabæklinga, jógúrt dósir og fernur í föndur
- í unglíngadeild hefur áfram verið unnið með safnaveitur (safn ýmissa hluta sem til falla í skólanum og á heimilum starfsfólks og nemenda) sem nemendur nota til listsköpunar



Útikennsla

Dæmi um útikennsluverkefni sem unnin voru skólaárin 2012-2013 og 2013-2014

- 4. og 9. bekkur taka þátt í verkefninu *Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs* en þar gróðursetja nemendur tré og mæla það, bæði hæð og sverleika stofns. Í 9. bekk heimsækja þeir tré sitt og gera nýja mælingu. Auk þess vinna þeir að uppgræðslu með því að dreifa lífrænum áburði á örfoka land
- Í vetur hefur 1. bekkur unnið með nærumhverfi skólans. Ýmis verkefni hvafa verið unnin í tengslum við það eins og form í náttúrunni og breytingar á náttúrunni með tilliti til árstíða.
- 5. bekkur var með einn útikennslutíma í hverri lotu í íslensku
- Nokkrir árgangar fara í Fræðasetrið í Gróttu og vinna þar að ákveðnum verkefnum sem taka mið af aldri og skólanámskrá
- 7. bekkur skoðar Bakkatjörn, lífríki og vistkerfi ásamt því að gera rannsókn á fjörunni og gróðrinum í fjörunni við Bakkatjörn
- Nemendur í 1.-4. bekk eiga „leynistaði“ hér á Nesinu (<http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/myro/leyni/index.htm>) en markmiðið með því verkefni er að nemendur kynnist árstíðabundnum breytingum á umhverfinu á hverjum stað fyrir sig (1. bekkur-Plútóbrekka, 2. bekkur-Valhúsahæð, 3. bekkur-fjaran, 4. bekkur-Bakkatjörn)
- Á þemadögum í mars voru skipilögð verkefni úti og inni. T.d. var farið í fjöru og ýmislegt skoðað þar, farið í Gróttu og skoðuð áhrif Básendaflóðs og gengið um Seltjarnarnesið og skoðaðar manngerðar byggingar svo eitthvað sé nefnt
- Á haustin og vorin er útikennsla í íþróttum í öllum árgöngum (s.s. ratleikir, línuskauta- og hjólaferðir)
- 8. bekkur vinnur stórt útiverkefni á vormánuðum þar sem þau eiga að ljósmynda og búa til bækling um náttúru og lífríki Seltjarnarness
- Margir árgangar fara út að greina plöntur á Nesinu
- Margir árgangar fara í fjöruferðir jafnt og þétt yfir skólaárið



Samgöngur

Átakið „Göngum í skólann“ er orðið fastur liður í skólastarfinu, haust og vor, og myndast hefur góð samstaða foreldra, nemenda og starfsfólks um það. Metnaður er mikill hjá nemendum á yngsta og miðstigi um að standa sig vel í þessu og oft er 99-100% þátttaka í bekkjardeildum (sjá fylgiskjal 4a og 4b). Þegar átakanu lýkur eru svo alltaf mun fleiri sem eru komnir upp á lag með að ganga eða hjóla í skólann. Margir foreldrar ganga með yngri nemendum í skólann og eru þar með þátttakendur í því að bæta loftgæði og auka umferðaröryggi við skólann. Það þarf að halda áfram að standa vörð um átakið og halda áfram að hvetja til þátttöku í því.



3. og 4. Áætlun um aðgerðir og markmið

Umhverfisnefndin setur sér markmið fyrir næstu tvö árin:

- stuðla að skilvirkari flokkun
- auka upplýsingaflæði til foreldra og nemenda
- auka þátttöku eldri nemenda í átakanu „Göngum í skólann“ (ekki hefur náðst að virkja nemendur í Valhúsaskóla, verður unnið að því að finna leiðir til þess að fá þau með okkur í lið)

Hér að neðan verður gerð grein fyrir þeim vanköntum sem upp hafa komið varðandi þetta þrennt og settar fram leiðir til úrbóta.

1. Skilvirkari flokkun

Nemendur í Valhúsaskóla hafa kvartað undan óskipulagi á flokkun í matsal og að bæta þurfi fræðslu til nemenda varðandi flokkunina.

Úrbætur

Til þess að taka á þessum vanda verður farið yfir flokkun í matsal Valhúsaskóla og kynningar til nemenda eflar. Huga þarf að sjónrænum upplýsingum við flokkunarstöðvar.

Markmið

Að auka jafningjafræðslu til þess að auka umhverfisvitund nemenda í von um að flokkun sorps gangi enn betur í framtíðinni. Umhverfisnefndin útbúin upplýsingaspjöld til að hafa við flokkunarstöðvar.

2. Upplýsingaflæði

Í fyrri skýrslu var rætt um að efla þyrfti upplýsingaflæði til nemenda, kennara og foreldra um málefni Grænfánans og umhverfisstarfið í skólanum. Á heimasíðu skólans er tengill á heimasíðu verkefnisins í skólanum. Svæðið hefur ekki verið eins virkt og æskilegt væri og vekja þarf betur athygli á þessu svæði. Nefndin þarf einnig að vera virkari í að setja inn áhugavert efni. Ekki náðist að gefa út fréttabréf eins og til stóð en við setjum okkur aftur það markmið í von um að það náist nú.

Úrbætur

Skipuð verður ritstjórn, skipuð nemendum og einum kennara (eða stafsmanni), sem myndi sjá um vefsvæðið og myndi sjá um útgáfu á fréttabréfi sem kæmi út tvisvar sinnum á skólaári. Samkeppni í skólanum um nafn á fréttabréfið.

Markmið

Að bæta upplýsingaflæði.

3. Göngum í skólann á unglingsstigi

Erfitt hefur verið að fesa átakið „Göngum í skólann“ í sessi á unglingsstigi, en þar kemur bæði til áhugaleysi og lítil eftirfylgni með skráningu.



Úrbætur

Á næsta fundi í umhverfisnefnd verður leitað leiða til að auka áhuga nemenda og kennara á unglíngastigi til þátttöku í átakinu „Göngum í skólann“.

Markmið

Að auka þátttöku nemenda í 7.-10. bekk. Að losna við akstur á skólalóð á skólatíma til að bæta loftgæði og auka öryggi nemenda.

5. Fræðsla

Nemendur

Hér á eftir eru nefnd dæmi um fræðslu og verkefni sem unnin eru í skólanum, en að sjálfsögðu eru þau fleiri og fjölbreyttari.

- Nemendur í umhverfisnefnd fóru í alla bekki með fræðslu um flokkun úrgangs í febrúar 2014
- Þegar átakið Göngum í skólann hefst, að hausti og á vorin, fylgir umhverfis- og umferðarfræðsla í kjölfarið.
- Dagur umhverfisins er haldinn hátíðlegur ár hvert. Þá vinna nemendur að margvíslegum verkefnum er varða umhverfismennt, ýmist utandyra eða innan. Jafnframt fjöllum við um Grænfánann á þessum degi og minnumst þess hvað þarf til þess að fá að flagga honum (því miður náðist ekki að halda upp á hann þetta árið).
- Í vor fór 3. bekkur í heimsókn í Sorpu.
- 5. bekkur tók fyrir áhrif mengunar á náttúru landsins og jarðar. Þar komu fram þættir eins og flokkun sorps, endurvinnsla, akstur utan vega, almenningssamgöngur o.fl. Einnig unnu þau með endurnýjanlega orkugjafa og vistvænar samgöngur.

- Umsjónarmenn minna bekkinn reglulega á að flokka ruslið rétt og passa að nýta vel pappír.
- Í 4. bekk er áhersla á að nýta vel pappír og stílabækur og næsta haust verða þær stílabækur sem eru hálfunnar núna nýttar
- Brýnt er fyrir nemendum í matsal að fá sér ekki of mikið á diska, fara heldur aftur
- Í 6. bekk var unnið með náttúruauðlindir
- Grunnskóli Seltjarnarness hefur lengi tekið þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ en þar er hægt að gefa notuð en hrein og heil föt, leikföng sem enginn leikur sér lengur með, notaða blýanta og fleira skóaldót. Þannig er stuðlað að betri nýtingu og skókassar fá nýtt hlutverk.
- Í myndmennt á unglिंगastigi voru unnin verkefni með grunn í endurnýtingu. Annars vegar var skapað umhverfi sem síðan var ljósmyndað. Útgangspunkturinn var "harmsaga". Hins vegar var um að ræða þrykkmynd
- Í Textílmennt er fjölmörg verkefni unnin sem tengjast endurnýtingu. T.d. er í 3. bekk unnin litil fígúra sem er mest úr afgangum og gert rúm/bústaður fyrir hana úr pappambúðum (morgunkorni o.þ.h.) sem krakkarnir safna heima hjá sér, í 4. bekk er gerð sokkabrúða (stakir/götóttir sokkar að heiman eða óskila), í 6. bekk er aukaverkefni pennaveski úr kaffipokum og í 7. bekk sokkabrúða (gamlir sokkar) fyrir brúðuleikhús í dönsku. Í vali eru unnin allskonar endurvinnsluverkefni, gamlar flíkur fá nýtt líf, saumað úr umbúðum og afgangum. Öll verkefni í textílmennt eru unnin með hagsýni og nýtingu að leiðarljósi og þar er fræðsla um neyslu og kosti þess að nýta og endurnýta.
- Margir kennarar eru duglegir að nota vefinn heimurinn minn <http://www.heimurinn.is/> sem er á vef námsgagnastofnunar, en þar eru fróðlegar sögur og verkefni um ýmislegt sem lýtur að umhverfismálum.

6. Endurmat

Verkefnisstjóri og umsjónarmaður mannvirkja hefur séð til þess að málum sé fylgt eftir í samvinnu við starfsfólk og nefndarfólk. Þegar þau markmið sem við settum okkur við síðustu úttekt eru skoðuð gæti árangur verið betri. Einhver markmiðana náðust en önnur ekki. Haldið verður áfram að vinna með þau sem ekki náðust:

Markmiðin sem við settum okkur við síðustu úttekt voru:

- **Bregðast við vandkvæðum varðandi flokkun**
Eftir að nemendur í umhverfisnefnd gengu í bekki og fræddu nemendur um miklvægi þess að fernur séu ekki lausar í söfnunartunnunum heldur í pokum (og bundið fyrir) hefu það vandamál nánast horfið
- **Festa átakið Göngum í skólann í sessi í 7.-10. bekk**
Þetta markmið náðist ekki en búið er að ræða þetta á fundum í umhverfisnefnd (sjá fundargerðir) og haldið verður áfram að reyna að vinna að úrbótum. Við setjum okkur aftur þetta markmið fyrir næstu tvö ár

- **Útikennsla**

Náðum einu markmiði af þremur en það var að fá kennara af unglíngastígi í umhverfisnefndina (Ásta Vilhjálmsdóttir)



7. Lokaorð

Þegar lítið er til baka þau fjögur ár sem við höfum haft Grænfánann og mat lagt á stöðuna í skólanum sést að margt hefur gengið vel en jafnframt er ýmislegt sem má gera betur. Mikilvægt er að standa vörð um það sem áunnist hefur eins og t.d. flokkunina og fræðsluna en jafnframt er það verðugt og krefjandi verkefni að bæta það sem síður hefur gengið t.d. að virkja unglíngastigið. Einnig hefur það verið nefnt að bæta þurfi upplýsingaflæði til kennara, nemenda, foreldra og starfsfólks og höfum við sett það sem markmið fyrir næstu tvö árin að bæta úr því. Eins gekk illa að funda með umhverfisnefndinni þetta árið en reynt verður að bæta úr því á næsta skólaári. Það er verðugt verkefni umhverfisnefndarinnar næstu tvö árin að vinna að öllu því sem huga þarf að í tengslum við Grænfánaverkefnið og efla umhverfisstarfið í skólanum enn frekar. Umhverfissáttmála skólans má sjá í fylgiskjali 5.

f.h. umhverfisnefndar

Skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness

Umhverfisnefnd Grunnskóla Seltjarnarness 2012-2013

Fulltrúar nemenda:

- 1.bekk: Unnar Tjörvi
2. bekk: Guðmundur
- 3.bekk: Lilja
4. bekk: Eðvald
5. bekk: Gunnar
- 6.bekk: Tómas
- 7.bekk: Jóhann Þór og Anna Lára
- 8.bekk: Hildur Sif og Agni
- 9.bekk: Birta og Kristín Birna
- 10.bekk: Pálína

Fulltrúi kennara:

Laufey Alda Sigvaldadóttir

Fulltrúi stjórnenda:

Guðlaug Sturlaugsdóttir

Umsjónarmaður fasteigna:

Hafsteinn Jónsson

Fulltrúi starfsfólks:

Jóhannes Már Gunnarsson

Fulltrúi foreldra:

Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir

Fundur hjá umhverfisnefnd Grunnskóla Seltjarnarness

Dags. 11.10.2012

Mætt: Laufey Alda verkefnisstjóri, Gerður frá Landvernd, Salóme frá Landvernd, Fjóla fulltrúi skólastjóra, Hafsteinn fulltrúi starfsfólks og fulltrúar nemenda: Pálína í 10.bekk, Brynjar í 9.bekk, Tómas Óli í 8.bekk, Gísli Baldur í 7.bekk, Rut í 6.b, Ólafur Marel í 5.bekk, Anna Katrín í 4.bekk, Unnur í 3.bekk, Guðmundur Brynjar í 2.bekk.

Forföll: Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri (Fjóla kemur í hennar stað), Áslaug Dóra fulltrúi foreldra og Jóhannes matreiðslumeistari.

Fundarefni: Úttekt á stöðu verkefnisins vegna endurnýjunar Grænfánans.

- Laufey hóf fundinn með því að kynna gesti og spurði síðan nemendur um umhverfis- og umferðarvikuna sem var í skólanum í lok september.
- Unglingastigið sagði það hafa vantað að kynna og fylgja eftir Göngum í skólann verkefninu.
- Laufey talaði um að nemendur hafi óskað eftir því að bæta flokkun og fá líka ílát fyrir plast.
- Laufey minnir á að flestir í þessari nefnd hafi setið tvö ár í nefndinni og því sé komið að endurnýjun. Kjósa þarf nýja fulltrúa fljótlega.
- Gerður spyr um áform bæjarfélagsins um flokkun sorps og ræðir um að nemendur geti verið þrýstihópur, sem og góðir kennarar, þar sem þau séu vön flokkun frá því í leikskóla.
- Gerður spyr fulltrúa um hvort þeir hafi ákveðin hlutverk s.s. að upplýsa bekkjarfélaga sína. Það kemur fram í svari nemenda að þeir sjá um kynningar í sínum árgöngum. Fresta þurfti kynningum í unglingsdeildum í vor vegna anna en þær standa fyrir dyrum. Laufey tekur fram að það vanti tengingu milli húsa.
- Rætt var hvort hægt sé að nýta fleiri leiðir til að upplýsa nemendur heldur en að kennarar séu alltaf að upplýsa og fræða, t.d. hvort nemendur gætu nýtt fleiri miðla og unnið fræðslufni sem notað yrði til kynninga hjá nemendum. Nemendur segja líka frá umbun sem þeir hafa fengið hjá kennurum fyrir góða flokkun.
- Rætt var um og mælt með sjónrænum leiðbeiningum fyrir flokkun.
- Hafsteinn talar um lélega endingu fánans þegar hann hangir alltaf uppi. Gerður upplýsir að á vindasömum stöðum endist hann stutt og þar hafi verið gerð tilraun með skilti sem fest er á húsið.

Skýrsla verður tekin saman um stöðu mála eftir þessa heimsókn og Laufey og Gerður koma sér saman um afhendingu fánans að nýju.

Fundi slitið.

Fjóla Höskuldsdóttir fundarritari

Fundur í Umhverfisnefnd Grunnskóla Seltjarnarness

Haldinn í Mýrarhúsaskóla 28. janúar 2013

Mættir voru: Fjóla, sem stýrði fundi í fjarveru Laufeyjar, Guðlaug, Svala, Hafsteinn, Pálína fyrir 10. bekk. Kristín Birna og Birta Sóley fyrir 9. bekk. Agni og Hildur Sif fyrir 8. bekk. Jóhann Þór og Anna Lára fyrir 7. bekk. Tómas Orri fyrir 6. bekk, Gunnar Hrafn fyrir 5. bekk, Eðvald fyrir 4. bekk, Lilja fyrir 3. bekk, Guðmundur fyrir 2. bekk og Unnar Tjörvi fyrir 1. bekk.

1. Kynntar voru breytingar á flokkunarmálum skólans, en nú má flokka saman fernur og plastdósir utan af skyri og þess háttar. Tilbúningar eru glærupakkar með kynningum og fulltrúar í Grænfánanefndinni munu kynna, hver í sínum árgangi. Fulltrúar á unglingsstigi lýstu áhyggjum af flokkuninni í matsal í Való og töldu ekki aðstöðu þar til að skola. Þá var rætt um að óheppilegt væri að hafa mismunandi tunnur fyrir ruslið og Hafsteinn ætlar að skoða það að lagfæra þetta. Við þurfum aðeins tunnu fyrir lífrænt, endurvinnanlegt og sorp.

2. Hugmynd um umhverfislöggur í Mýró fékk ágætis undirtektir og voru allir fulltrúar til í að sinna þessu. Þá fara 1. og 6. bekkir saman, 2. og 5. bekkur og 3. og 4. bekkur, ganga í stofur í viðkomandi árgangi og kanna hvernig bekkjunum gengur að flokka rusl og veita gullstjörnu þar sem allt er rétt gert. Hugmynd frá unglingsstiginu að gefa útitíma í verðlaun.

3. Afhending Grænfánans. Fulltrúarnir voru sammála um að við yrðum öll saman og í Való að þessu sinni. Hvetja til að allir komi grænklæddir. Þeirra hugmynd var að taka vel á móti yngstu nemendum, 10. bekkur mætir 1. bekkinum við innganginn og leiða þau inn í skólann. 9. bekkur tekur á móti 2. bekk, 8. bekkur tekur á móti 3. bekk og 7. bekkur tekur á móti 4. bekk. Þessir árgangar fari saman í stofur og geri eitthvað saman, t.d. mála grænt merki á sig eða annað. Hugmynd kom fram um að fá „Ararba“ til að flytja eitt lag. Dagsetning afhendingar í febrúar, annað hvort í annarri viku eða eftir öskudag.

Fjóla Höskuldsdóttir

Fundur hjá umhverfisnefnd 4. nóvember 2013 (fundur með nemendum í umhverfisnefnd)

Mætt voru: Laufey Alda, Tómas, Unnar Tjörvi, Lilja, Eðvald, Gunnar, Tómas Orri, Jóhann Þór, Anna Lára, Hildur Sif, Agni, Birta og Kristín Birna.

Rætt um kynningar sem nemendur í umhverfisnefnd eiga að fara með í alla bekki í skólanum. Útbúin hefur verið PowerPoint kynning sem nemendur geta notað sér til stuðnings. Farið var yfir kynninguna og nemendur æfðu sig. Allir tilbúnir til þess að taka þetta að sér.

Rætt var um stöðu átaksins göngum í skólann á unglिंगastigi. Rætt var um hvort að einhver verðlaun myndu hvetja unglिंगana áfram til þess að taka þátt. Það fékk ekki hljómgrunn en nemendur fóru af fundi og ætluðu að leggja höfuðið í bleyti um hvernig mætti virkja unglिंगastigið betur.

Rætt var um stöðu flokkunar í unglिंगadeild og nemendur á því að þar þarf að fara í átak og bæta við flokkun í matsal.

Fundi slitið,

Laufey Alda Sigvaldadóttir



Fundur hjá umhverfisnefnd 4. febrúar 2014 (fundur með nemendum í umhverfisnefnd)

Mætt voru: Laufey Alda, Tómas, Unnar Tjörvi, Sandra, Lilja, Eðvald, Gunnar, Tómas Orri, Jóhann Þór, Anna Lára, Hildur Sif, Agni, Birta og Kristín Birna.

Rætt var um hvernig hefði gengið að flytja fræðsluefnið í bekkjunum.

Rætt var um átakið göngum í skólann á unglingastigi og enn hafa ekki fengist hugmyndir frá nemendum um hvernig hægt væri að hvetja nemendur á unglingastigi til þess að taka þátt.

Rætt um stöðu flokkunar í stofum í Mýrarhúsaskóla. Flestir á því að vel gangi en alltaf eitthvað sem má betur fara. T.d. ríkir óvissa með að setja megi plast með fernum, en von er bundin við að fræðsluerindin eyði þeirri óvissu.


Fundi slitið,

Laufey Alda Sigvaldadóttir, ritari.




Þátttaka í „Göngum í skólann“ 1.-6. bekkur

Haust 2013 og vor 2014



	haust 13	vor 14
1-HG	65	83,5
1-AME	84	67
1-FR	82	97,9
2-SIJ	81	89,2
2-MKJ	77	96,9
2-KL	61	94,8
3-HEB	94	100
3-LAS	97	94,6
3-GUG	97,5	98,5
4-LBR	98,6	98,2
4-TRG	99	99,1
5-LBP	98,4	99,5
5-HGO	100	100
5-KH	100	100
6-LK	99	100
6-GIE	100	100
	89,6	95,0

Göngum í skólann 2012-2013



bekkur	2012	
1. KL	67,5	80,9
1. ERK	74	77
2. AME	90,4	96,1
2. FR	93	93,7
2. HG	93,3	100
3. MKJ	92,6	95
3. SIJ	91	94
4. FS	93,6	95
4. HP	98,9	97
4. LAS	99,25	99,4
5. GUG	98,4	
5. LK	86,6	97,4
6. KH	99,25	100
6. LBP	96,87	95,7
	91,0	93,9

Umhverfissáttmáli Grunnskóla Seltjarnarness



Umhverfið er móðir þín stendur á umhverfismerki okkar í Grunnskóla Seltjarnarness. Það eru orð að sönnu því jörðin gefur okkur allar þær nauðsynjar sem við þurfum. Auðlindir jarðar eru ekki óþrjótandi og við þurfum að standa vörð um þær. Við í Grunnskóla Seltjarnarness viljum leggja okkar af mörkum við að vernda auðlindir jarðar og ætlum að:

- flokka rusl til endurvinnslu
- fara vel með og nýta vel það sem við höfum
- njóta útiveru og upplifa fjölbreytileika

náttúrunnar

-**hvíla bíla** með því að ganga eða **hjóla í skóla**

-læra hvernig umhverfið hefur áhrif á líf okkar

og hvernig við höfum áhrif á umhverfið

-fara sparlega með vatn og rafmagn

